

Áhugahópur um Jamestown-strandið



Strandlengja í námunda við Hafnir.

Helga Margrét Guðmundsdóttir heyrði fyrst af strandinu þegar hún starfaði sem umsjónarkona félagsstarfs aldraðra í Reykjavík. Í tilefni af ári aldraðra sáu eldri borgarar um að lesa upp Passíu-sálma Hallgríms Péturssonar í Ríkisútvarpinu. Í kjölfarið var ákveðið að fara í dagsferð suður með sjó, á slóðir Hallgríms, og

lesa upp í Hvalsneskirkju. Við undirbúning ferðarinnar sagði Þórdís Ólafsdóttir frá stóru skips-strandi í Höfnum árið 1881. Þórdís sagði einnig frá ritgerð sem hún hafði gert í landsprófi um Jamestown-strandið. Þá hafi hún tekið viðtal við sjónarvott, Vígdísi Ketilsdóttur, sem var 12 ára gömul þegar strandið varð.



Hér heldur hluti hópsins á planka úr strandinu.

Helga Margrét fékk mikinn áhuga á hvaða áhrif strandið hafði á mannlíf, menningu og efnahagslíf á Suðurnesjum. Þann 20. september 2016 var stofnaður áhugahópur um Jamestown-strandið með það að markmiði að vernda söguna um það og skrá muni og hús sem byggð eru úr timbrinu.



Jamestown-timbur í eigu Tómasar J. Knútssonar.